



Ársskýrsla Dansverkstæðisins

2023



Grunngildi

Hreiður

Við erum griðastaður fyrir hæfileika og forvitni sem að stuðlar að uppbyggingu, miðlar þekkingu, nærir listamanninn og félagsandann

Brú

Við tengjum einstaklinga og hópa við samfélagið og heiminn. Brúin á milli míkro og makró

Rödd

Með rödd okkar höfum við áhrif, miðlum þekkingu og sköpum samtal

Hringiða

Við erum rými fyrir kreatíft kaós

Stjórn Dansverkstæðisins 2023

Aðalfundur Dansverkstæðisins fyrir árið 2022 var haldinn á Dansverkstæðinu
20.júní 2023

Á fundinum var kjörin ný stjórn:

Rósa Ómarsdóttir, formaður

Bryndís Nielsen, gjaldkeri

Sigurður Arent Jónsson, ritari

Valgerður Rúnarsdóttir, meðstjórnandi

Snædís Lilja Ingaðóttir, meðstjórnandi

Varamenn: Melkorka Sigríður Magnúsdóttir og Heba Eir Jónasdóttir Kjeld

Heba Eir Jónasdóttir Kjeld kom ný inn sem varamaður í stjórn í stað Steinunnar Ketilsdóttur. Steinunn Ketilsdóttir er einn af stofnmeðlimum Dansverkstæðisins og hefur setið í stjórn frá upphafi. Við þökkum Steinunni fyrir ómetanlegt framlag til samfélags danslistafólks í gegnum Dansverkstæðið.

Ljósmynd á forsíðu er tekin af Nicolas Ipina í sumarvinnustofum Dansverkstæðisins 2023. Á myndinni eru Sóley Ólafsdóttir og Leevi Maatinen í verkinu Rabbit Erosion

Samantekt

Starfsárið 2023 var einstaklega skemmtilegt. Mjög fjölbreyttur hópur listafólks var hér við vinnu og einnig stækkaði hópur þátttakenda í morguntímum, námskeiðum, viðburðum og hátíðum.

Á Dansverkstæðinu voru 21 nýtt íslenskt verk æft og 19 listafólk eða hópar voru í vinnustofu við að þróa verk. Þetta voru sviðsverk af öllum gerðum: leikhús, ópera, söngleikir, sviðslistir fyrir börn og auðvitað dans.

Unnið var markvisst að samþættingu og þéttingu í danssamfélaginu og samstarf eininga aukið og/eða formgert. Hér má nefna samstarf við Íslenska dansflokkinn, FÍLD - félag íslenskra listdansara, Reykjavík Dance Festival - RDF, FWD Youth Company og hópinn Improv for Dance Enthusiasts.

Mikil virkni var í alþjóðlegu samstarfi. Góður styrkur frá Erasmus+ gerði okkur kleift að senda hópa og einstaklinga í 10 ólíkar ferðir erlendis til námskeiða og í heimsóknir til samstarfsaðila í Evrópu. Einnig fór listafólk á okkar vegum í launuð vinnustofuverkefni til Svíþjóðar og Danmerkur og hafa aldrei fleiri ferðast á okkar vegum.

Nokkur nú sérverkefni litu dagsins ljós. **DansDagar** er námskeiðshátíð unnin í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, var haldinn í fyrsta sinn. Hátíðinni er ætlað að mæta stækkun fagvettvangs danslistafólks með bæði krefjandi, skapandi og skemmtilegum námskeiðum, opnu sviði fyrir tilraunir og viðburðum fyrir fagfólk.

Sumarvinnustofur Dansverkstæðiðsins eru vinnustofur fyrir ungt sviðslistafólk. Tveir hópar/einstaklingar eru valdir eftir opið kall og fá 5 vikna vinnustofu og 300.000 kr verkefnastyrk til þróunar á nýjum sviðsverkum. Verkefnið er stutt af Borgarsjóði.

Varðveisla og akademískar rannsóknir: Tveir háskólanemar fengu styrki frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsókna. Verkefnin fjölluðu um Danshús annars vegar en varðveislu og upplýsingasöfnun í dansi hins vega. Dansverkstæðið var bakhjarl verkefnanna og lagði til vinnuástöðu og faglegan stuðning.

Þrír starfsmenn voru í hlutastarfi á árinu auk ráðgjafar og stuðnings frá fyrrum starfsfólki. Reksturinn gengur enn ekki upp og niðurstaða ársins er tap upp á 5.7 milljónir króna. Húsnaðisrekstur er langstærsti kostnaðarliðurinn. Nýir samningar náðust við bæði Reykjavíkurborg og Menningarráðuneyti í lok árs en því miður duga hækkanir þeirra ekki til að greiða niður uppsafnaðar skuldir.

ÁRSSKÝRSLA FYRIR STARFSÁRIÐ 2023

Vinna listafólks

Æfingar

Vinnustofur og vinnustofusýningar

Sérstakur stuðningur við ungt listafólk

Launaðar sumarvinnustofur

Útskriftargjöf til nemenda LHÍ

Skapandi sumarstörf

Tímar og námskeið

Útleiga sala

Innlent samstarf og sérverkefni

Reykjavík Dance Festival

DansDagar með Íslenska Dansflokknum

Félag íslenskra listdansara - FÍLD

ASSITEJ Ísland

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Alþjóðlegt samstarf

Erasmus+

Keðju-netið og keðja stretch Svíþjóð

CROWD

NBS

Önnur alþjóðleg samstarfsverkefni

Starfsmannamál og fjárhagur

Starfsmannamál

Fjárhagur

Tekjur

Gjöld

Yfirlitslisti

ÁRSSKÝRSLA

Vinna listafólks

Æfingar

Meginhlutverk Dansverkstæðisins er að bjóða upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu fyrir dans- og sviðslistafólk sem gerir þeim kleift að þróa og æfa ný sviðsverk eða stunda rannsóknarvinnu í sviðslistum. Árið 2023 voru æfð, samín og þróuð 21 nýtt íslensk sviðsverk á Dansverkstæðinu. Einkennandi fyrir árið var fjölbreytni í verkefnum því þó hér séu mest danshópar þá voru líka óperur, textaleikhúsvverk og barnasýningar fyrir leikskóla unnar í húsinu. Eftir æfingar hér fara flest verkanna á svið í Tjarnarbíó en einnig Hörpu og Borgarleikhúsið auk þeirra sem fara í sýningarferðalög innanlands sem erlendis. 19 einstaklingar og hópar fengu fría vinnustofu til rannsókna eða til að þróa ný verk. Tæmandi lista yfir þá sem leigðu eða voru í vinnustofu má sjá aftast í þessu skjali en nú verður stiklað á stóru um starfsemi listafólks á Dansverkstæðinu árið 2023.

Árið hófst með æfingum á verkinu *Hringrás* eftir Þyrí Huld Árnadóttur í framleiðslu Íslenska dansflokksins. Síðan kom inn stór hópur listafólks frá Íslensku Óperunni til æfinga á *Madame Butterfly* áður en Ólöf Ingólfsdóttir vann verkið *7 ljóð*. Einnig voru samlestrar og æfingar á *Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar* sem og æfingar á *Stroke* eftir Trigger Warning.



Plaköt ólíkra verka sem æfð voru hér á Dansverkstæðinu

Takturinn í sviðslistum er annar yfir sumarmánuðina og almennt rólegra. En hér var listafólkið Alex Elliot (CA) sem var í blandaðri vinnustofu hjá Dansverkstæðinu og SÍM og einnig Lilja Björk Haraldsdóttir og Rebecca Hidalgo að vinna ólík verk fyrir Menningarnótt annars vegar og Hinsegin daga hins vegar.

Í lok ágúst var hin árlega vinnustofuhátíð Reykjavík Dance Festival (RDF). Hátíðin velur listafólk sem fær tækifæri á að nýta sali Dansverkstæðisins til rannsóknarvinnu sem svo er kynnt á opnum viðburðum eða sýningum. Eftir vinnustofuhátíðina kom danshöfundurinn Rósa Ómarsdóttir til vinnu við verkið *Molta* sem framleitt var í samstarfi við Íslenska Dansflokkinn. Rósa hafði þá þegar nýtt sal 3, litla salinn, til rannsókna og undirbúningsvinnu.




Æfingar á *Molta* eftir Rósu Ómarsdóttur í sal 1

Um haustið voru hér einnig hópur listafólks að þróa samsköpunarverkið *Vaðlaheiðargöng*, dúettinn Dío vann *Piparfólkið* og fyrstu drög voru lögð að verkinu *Eden*. Bára Sigfúsdóttir hóf æfingar nýju verki auk þess sem hönnuðurinn Guðný Hrund Sigurðardóttir leigði sal 3 til hönnunar og smíðavinnu.

Vinnustofur og vinnustofusýningar

Hópar innlands og erlends listafólks kom í vinnustofu á Dansverkstæðinu og Alþjóðlegu gestir okkar héldu gjarnan sýningar í lok dvalar og nefna má þar dúettinn Riva (FO), Amelia Eisen (DE/USA) og Miriam Markl (DE) og Kaisa Kukkonen (FI).



Færeyski hópurinn RIVA vann nýtt verk sem sýnt var á vinnustofusýningu í apríl

Listafólk búsett hér á landi nýtir salina á fjölbreyttan hátt. Unga listakonan Salóme Kvist undirbjó dansvídeóverk sem tekið var upp á vestfjörðum seinna á árinu. Unnur Elísabet og Sally Cowdin æfðu verk sitt *Release* fyrir sýningar á Reykjavík Fringe Festival og Ellen Margrét Bæhrenz og Helgi Grímsson nýttu tveggja vikna vinnustofu til að búa til splunkunýtt jólaleikrit fyrir leikskólabörn.

Auk sýninga á afrakstri vinnustofa voru hér reglulegir viðburðir undir nafninu Choreographic Happy Hour en þar er listafólki boðið að kynna nýtt verk eða rannsókn og fá endurgjöf frá áhorfendum. Þessi viðburður ýtir undir gott faglegt samtal og hvetur listafólk áfram í sínum rannsóknum.



Frá Choreographic Happy Hour í desember 2023

Sérstakur stuðningur við ungt listafólk

Launaðar sumarvinnustofur

Til að nýta þá möguleika sem húsnæðið býður upp á á rólegri tímum var boðið upp á 5 vikna sumarvinnustofur sérstaklega ætlaðar ungu danslistafólki. Með styrk úr borgarsjóði gat Dansverkstæðið loks boðið listafólki vinnustofu með þóknun, sem hafði verið langþráður draumur, en 300.000 kr þóknun fylgdi vinnustofunni sem listafólkið gat nýtt eftir þörfum. Verkefnið gefur tíma og rými til að vinna við þróun og rannsóknir og var hannað til að mæta þörfum ungs listafólks til að koma sér og verkum sínum á framfæri og auka samfellu í vinnu listamanna.

Verkefnastjórinn Yelena Arakelow sá um utanumhald og umsýslu verkefnisins. Auglýst var eftir umsóknum í mars og var niðurstaða valnefndar að veita tveimur rannsóknnum vinnustofu, verkefni Sóleyjar Frostadóttur annars vegar og Sóleyjar Ólafsdóttur og Leevi Mattinen hins vegar.

Sóley Frostadóttir vann rannsókn og undirbúning á verkinu TIF, verk fyrir 3 taktmæla og 3 dansara, Erlu Rut Mathiesen, Ingu Maríu Olsen og Söru Margræti Ragnarsdóttur. Með þessari rannsókn vann Sóley grunnvinnu fyrir viðburðinn Onirisme Collectif #9 sem sýnt var á Gerðarsafni undir listrænni stjórn Mio Hanaoka á Hamraborg festival í ágúst. Sóley rannsakaði einnig hversdagslegar hreyfingar í sérstökum aðstæðum sem varð að skemmtilegu vídeóverki og innsetningu með flytjandanum Önnu Margræti Ólafsdóttur, unnið fyrir sal 3 á Dansverkstæðinu.



TIF eftir Sóleyju Frostadóttur, photo Nicolas Iþina

Dúettinn Sóley og Leevi unnu dansverk fyrir alla fjölskylduna, *Rabbit Erosion*. Þau voru með skýra sýn á abstrakt dansverk sem keyrt yrði áfram af þema um leikgleði og vináttu. Á meðan á vinnustofunni stóð þróaðist samvinna þeirra við samstarfsfólk á nýjar brautir og fjölgaði í teyminu. Við bættust dans-og tónlistarkonan María Kristín Jóhannsdóttir sem samdi hljóðmynd auk þess sem Fríða Björg Pétursdóttir hannaði búninga.

Á haustdögum var svo önnur sýning á *Rabbit Erosion* fyrir nýjan áhorfendahóp. Þá gafst listafólkinu tækifæri til þess að þróa verkið enn frekar og gaman að geta fylgt verkinu eftir. Gaman er að segja frá því að *Rabbit Erosion* var valið til sýninga á

sviðslistahátíðinni Unga og hlaut svo tilnefningu til Grímuverðlauna fyrir barnasýningu ársins vorið 2024.



Rabbit Erosion eftir Sóleyju Ólafsdóttur og Leevi Mettinen, photo Nicolas Ipina

Afrakstur vinnustofunnar voru þrjú gjörólík listaverk í ólíkri umgjörð og fyrir ólíka markhópa. Það var einstaklega gaman af þeim fjölbreytileika og þverfagleika sem einkenndi vinnu listafólksins. Sóley Frostadóttir vann með kóreógrafíu og dans í átt að performans og myndlist á meðan Sóley og Leevi sköpuðu hefðbundnari danssýningu en völdu sér óhefðbundnari áhorfendahóp. Niðurstaða verkefnisins er sú að ungt listafólk þarf tíma og rými til þess fá að þróa sínar vinnuaðferðir, slíkt nýtist þeim til langs tíma og getur verið stökkpallur inn í ný tækifæri. Sumarvinnustofan JÚLÍ23 sýndir hvernig einfaldur rammi og stuðningur getur gefið listafólki mikið. Eða eins og listafólkið orðaði í sinni endurgjöf:

“With the financial support, we were able to include other artists in a respectful and a professional way. Making it more sustainable for us, now as a bigger crew, to continue and to see a future for this project going further.”

Úr endurgjöf frá Leevi Mettinen og Sóley Ólafsdóttir

Útskriftargjöf til nemenda LHÍ

Dansverkstæðið hefur síðustu ár gefið útskriftarnemum af dansbraut LHÍ félagsaðild að Dansverkstæðinu útskriftarárið og 1 viku í vinnustofu þar að auki. Við viljum með þessu hvetja ungu listamennina til dáða, styðja þau fyrstu skrefin í atvinnumenskunni og tengja þau við sviðslistasamfélagið. Sumarið 2023 nýtti Marikki Nyfors sér sína inneign og á haustdögum nýtti Júlía Kolbrún Sigurðardóttir sér sína inneigna til þróunar á sólóverkinu Bratz.

Tímar og námskeið

Dansverkstæðið skipulagði 79 tíma og námskeið kennd af 23 ólíkum kennurum fyrir félagsmenn og aðra gesti Dansverkstæðisins. Flestir tímarnir eru hluti af morguntímunum okkar sem eru haldnir 2 sinnum í viku 9 mánuði ársins og eru í ólíkum dansstílum og æfingum eins og spunadansi, samtímadansi, ballett og jóga. Auk morguntímanna eru hér haldin styttri námskeið í afmörkuðum efnum. Juliette Louste, danslista- og tæknikona kenndi grunnatriði í vinnu með sviðsljós þar sem unnið var bæði í hópum og veitt einstaklingsráðgjöf. Í samstarfi við FÍLD var námskeiðsröð í listkennslu og kennslufræðum leitt af danskennaranum Meeri Makkinen.



Úr morguntíma leiddum af Þyrí Huld Árnadóttur

Morguntímar eru aðgengilegir félagsmönnum okkar þeim að kostnaðarlausu en aðrir þátttakendur greiða lágmarksgjald. Mikil ánægja er með tímuna og mæta fleiri hér í tíma á hverju ári. Haustið 2023 óskaði FWD Youth Company eftir samstarfi um þjálfun. Flokkurinn greiddi árgjald sinna dansara sem fengu aðgang að morguntímunum. Þetta samstarf tengir saman kynslóðir í faginu auk þess að samnýta innviði og auka fjölda þátttakenda í tímum. Hér fyrir neðan má sjá fjöldaþróunina frá 2016 sem sýnir skýrt aukninguna.



Útleiga sala

Yfir vetrarmánuðina eru fastir leigutakar hjá okkur alla eftirmiðdaga og kvöld og er ansi þétt bókað hjá okkur frá janúar -apríl og aftur frá september - nóvember. Taekwondodeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur hefur leigt sal 2 síðustu ár. Til að hann nýtist þeirra starfi hefur þurft að leggja á hann sérstakar dýnur sem ekki er einfalt að taka af. Dansskóli Birnu Björns, Salsa Iceland og Háskóladansinn eru í sal 1 með ólík dansnámskeið fyrir allan aldur. Einnig leigja Improv Ísland sal fyrir námskeið í leiklistarspuna og Improv for Dance Enthusiasts með opna tíma í dansspuna. Spunanámskeiðin eru opin fyrir öll getustig og tengja almenning á skemmtilegan hátt við æfingarhús atvinnusviðslistafólks.

Eins jákvætt og þessi útleiga er fyrir tekjuöflunina og tengingu við ólíka hópa hefur það þau áhrif að verulega þrengir að listamönnum sem æfa á dagtíma. Ekki er hægt að skilja eftir neitt í sölum og því er erfitt að vinna með sviðsmynd eða stóra

leikmuni. Nefna má verkin Madame Butterfly og Moltu í þessu samhengi þar sem bæði voru með umfangsmikla sviðsmynd og daglega fór mikilvægur æfingatími í frágang og uppsetningu. Sá rammi sem við getum boðið upp á skapar því aukna vinnu og leggur óþarfa álag á listhópana. Sambúð ólíkra hópa gengur þó almennt vel en mikilvægt er að finna leið til að annar stóru salanna geti hafi listafólk í forgangi allt árið.

Innlent samstarf og sérverkefni

Reykjavík Dance Festival

Samstarf Reykjavík Dance Festival og Dansverkstæðisins er í stöðugri þróun og fylgir þeim áherslum sem stjórnunarteymi hátíðarinnar hefur hverju sinni. Gott samtal hefur verið við listræna stjórnendur Brogan Davison og Pétur Ármannsson frá því að þau tóku við hátíðinni árið 2021.

Í lok ágúst hófst hin árlega vinnustofuhátíð RDF á Dansverkstæðinu. Hátíðin stendur yfir í tvær vikur og veitir listafólki tækifæri á að þróa ný verk sem oft rata á síðar á stóru nóvemberhátíðina. Listafólk í þetta sinn voru Andrea Gunnlaugsdóttir, Birta Ásmundsdóttir og Leevi Rauhalhti og hópurinn Venus. Í lok hátíðarinnar kynnti listafólkið afrakstur rannsókna sinna á viðburðinum Let's hang together.



Frá Let's hang together 2023

Nóvemberhátíðin var svo á sínum stað og var hún einstaklega glæsileg. RDF hélt stjórnarfund APAP samstarfsnetsins og þeim fundi fylgdi stór hópur alþjóðlegra gesta og fleiri alþjóðleg verk voru á dagskrá en áður.

Í lok árs 2023 fór af stað samtali um samruna þessara tveggja eininga og leitað var til ráðuneytis menningarmála til stuðnings. Samningar voru undirritaðir 2024 og er verkefnið í þróun til 2025 og verður spennandi að fylgjast með hvert það leiðir.

DansDagar með Íslenska Dansflokknum

Samtöl milli Íslenska dansflokksins og Dansverkstæðisins höfðu staðið yfir í nokkurn tíma um verkefni sem tengdu saman dansara flokksins og hina sjálfstætt starfandi fagsenu. Hugmyndin um hátíð þar sem að dansgleðin væri í fyrirrúmi varð niðurstaðan og verkefnastjórinn Yelena Arakelov þróaði einstaka 5 daga hátíð, Dansdaga, í samstarfi við starfsfólki Íd og FÍLD.



Ánægðir dansarar og áhorfendur eftir sýningarkvöld á Nýja sviði Borgarleikhússins

Haldnar voru vinnustofur á Dansverkstæðinu og í sal dansflokksins, bæði hefðbundnir danstímar sem og þróunarvinna með danshöfundum. Góð þátttaka í flestum tímum og vinnustofum. Tvö kvöld hátíðarvikunnar var “opið svið” þar sem listafólki bauðst að sýna verk í vinnslu á Nýja sviði Borgarleikhússins. Þátttakan var frábær og mikil ánægja listafólks að fá að deila tilraunum sínum með áhorfendum við flottar aðstæður. Dansarinn Juulius Vaiksoo skipulagði svo dansmaraþon til styrktar List án landamæra þar sem dansinn dunaði í 4 tíma. Dansdögum var ákaflega vel tekið af fagsenunni og ljóst að á þessu verður framhald.

Félag íslenskra listdansara - FÍLD

Félag íslenskra danslistamanna hefur aðsetur á Dansverkstæðinu, leigir skrifstofu og heldur stjórnarfundum. Síðustu ár hefur verið aukið samtal um viðburðar- og námskeiðshald af ýmsum toga. Haldin var sameiginlegur spjallfundur á DansDögum, Meeting Point. Einnig hefur formaður FÍLD, Lilja Björk Haraldsdóttir verið fengin til ráðgjafar reglulega, bæði formlega og óformlega. Frá hausti sátu formaður FÍLD og framkvæmdastýra Dansverkstæðisins saman í vinnuhópi Menningarmálaráðuneytisins um nýja sviðslistastefnu og mjög gott að hafa tvo fulltrúa dansins við þá vinnu.

ASSITEJ Ísland

ASSITEJ Ísland - samtök um sviðslistir fyrir unga áhorfendur leigja skrifstofu- og fundaraðstöðu á Dansverkstæðinu og framkvæmdastjóri þeirra, Aude Busson, var hér einn dag í viku. Á haustdögum tók Lárus Vilhjálmsson við stöðu framkvæmdastjóra og þó viðveran sé ekki eins mikil er samtalið áfram gott og gjöfult. ASSITEJ óskaði eftir því að framkvæmdastýra Dansverkstæðisins færi fyrir hönd ASSITEJ á fund smáþjóða í Liechtenstein. Samhliða fundinum var haldin vinnustofa í dansi fyrir unga áhorfendur leitt af danshöfundinum Jill Crovisier frá Luxembourg. ASSITEJ Ísland valdi Linde Rongen og Þorgerði Atladóttir til að fara fyrir Íslands hönd og Dansverkstæðið studdi við ferðina með Erasmus+ styrkjum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Tveir háskólanemar við Bifröst sóttu styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna til rannsóknarverkefna og var Dansverkstæðið bakhjarl þeirra, lagði til vinnuaðstöðu og faglegan stuðning. Lilja Björk Haraldsdóttir, meistaraniemi í menningarstjórnun, vann nýja skýrslu um stöðu Danshúss á Íslandi. Þorgerður Atladóttir, nemi í skapandi menningarmiðlun, tók við söfnun upplýsinga í gagnagrunn Dansverkstæðisins. Í þann gagnagrunn hefur er verið að safna upplýsingum um öll verk sjálfstætt starfandi danslistafólks frá árinu 2002. Út frá þeirri söfnun vann Thea skýrslu um varðveislu í samtímadansi. Í lok ágúst voru niðurstöður rannsókna kynntar á áhugaverðum fundi fyrir góðum hópi fólks.

Alþjóðlegt samstarf

Erasmus+

Á árinu 2022 sótti verkefnastjórinn Magdalena Tworek um styrk til Erasmus+ áætlunnar í flokki fullorðinsfræðslu. Dansverkstæðið fékk í framhaldi af því úthlutað rúmum 8 milljónum til að senda einstaklinga á námskeið og í heimsóknir til erlendra samstarfsaðila. Stuðningurinn frá Erasmus+ áætluninni gjörbyltir möguleikum danskennara og danslistafólks í að viðhalda færni, sækja sér nýja þekkingu og styrkja eigin tengslanet. Ljóst er að þetta mun hafa jákvæð áhrif á framboð þeirra tíma og námskeiða sem að við getum boðið upp á hér auk þess að styrkja og viðhalda okkar aðþjóðlega tengslaneti

Um mitt ár 2023 fengum við aftur úthlutað rúmum 8 milljónum og verður áherslan nú lögð á að dýpka þekkingu dans- og sviðslistafólks á dansdramatúrgíu og sækja námskeið til Evrópu sem ekki eru aðgengileg hérlandis.

Undirbúningur ferðanna hófst í lok árs 2022 en ferðirnar sjálfar voru fyrst farnar 2023. Á árinu 2023 nýttum við erasmus styrki í 10 ferðir til 8 evrópulanda:

- 4 kennarar á 4 vikna námskeið með David Zambrano
- 2 verkefnastjóra til Varsjár í Póllandi til að kynna sér Erasmus+ vinnu þar
- 1 verkefnastjóra til Póllands Szczecin til kynningar á “somatic teachings” og samfélagsstarfi (e. community practises)
- 1 framleiðandi til tengslamyndunnar á IETM í Árósum
- 1 danskennara á 2 vikna sumarnámskeið í Berlín
- 2 fulltrúa á seinni fund í 12 mánaða handleiðsluverkefninu NB8 í Finnland - capacity building and core work
- 2 fulltrúa, kennara og starfsmann, á fund Keðja stretch, dance and heritage
- 3 manna hóp til Liechtenstein á fund smáþjóða um dans og unga áhorfendur
- 1 kennara til að kynna sér vinnu Butoh sérfræðingsins Minako Seki í Berlín
- 1 danskennara til Litháen til að kenna á danshátíð Low Air flokksins

Keðju-netið og keðja stretch Svíþjóð



Keðja - stretch var launuð 5 daga vinnustofa haldin í Vitlycke sviðslistamiðstöðinni sem liggur mitt á milli Osló og Gautaborgar.

Þema vinnustofunnar var dans og arfleió (e. heritage) og var Eydís Rose Vilmundardóttir valin til þátttöku eftir opið kall.

10 danslistakonur frá 10 löndum unnu saman undir handleiðslu Benedikte Esperri.

Samtímis vinnustofunni var haldinn stjórnendafund (e. partner meeting) Keðju netsins og fór Tinna Grétarsdóttir fyrir hönd Dansverkstæðisins.

Keðja-Stretch var fjármagnað af sænskum menningarsjóðum og Dansverkstæðið

greiddi ferðakostnað þátttakenda sinna m.a. með fjármagni úr Erasmus+ sjóðnum.

Keðja er alþjóðlegt net samtaka og stofnana frá 10 Evrópulöndum sem vinna við uppbyggingu innviða í dans og sviðslistum á ólíkan hátt. Netið var stofnað fyrir rúmum 20 árum og hefur haldið stórar ráðstefnur og hátíðir en einblínir nú á að bjóða launaðar vinnustofur um áhugaverð málefni fyrir danslistafólk.

CROWD

CROWD netið er leitt af Göethe stofnuninni og er samstarf 10 dansmiðstöðva frá Þýskalandi, Englandi, Skotlandi, Írlandi, Finnlandi, Hollandi, Danmörku og Íslandi. Netið tengir saman sviðslistafólk sem vinnur með dans í samfélaginu (e. community dance). Tvennt er parað saman og vinna þau í samtals 4 vikur, 2 vikur í heimalandi hvors aðila. Auglýst var eftir þátttakendum í mars 2023 og komu 8 sterkar umsóknir frá listafólki á Íslandi. Utanaðkomandi sérfræðingur valdi 3 einstaklinga á íslenskan “stuttlista”. Fulltrúar allra eininga velja svo saman 10 þátttakendur og valið byggir bæði á listrænni vinnu umsækjenda sem og hvernig áhugasviðið fellur að áhugasviði umsækjenda frá hinum þáttökulöndunum.

Lovísa Ósk Gunnarsdóttir var valin í verkefnið en í gegnum verk hennar *When the bleeding stops* hefur hún unnið með fjölda hópa miðaldra kvenna sem ekki hafa fyrri

reynslu af dansi. Lovísa var “pöruð” við Marie Hallager Andersen, fulltrúa Bora Bora leikhússins í Árósum. Marie og Lovísa hittust fyrst í Bora Bora í sumarlok og svo síðar í Reykjavík. Nína Hjálmarsdóttir sviðslistakona var “facilitator” og leiddi samtöl og samveru þeirra hér. Einnig var R.E.C. Arts Reykjavík og Ásrúnu Magnúsdóttur boðið til samtals. Niðurstaða þessara tveggja vikna voru ákaflega skemmtileg, djúp og endurnærandi samtöl, speglun á vinnuaðferðir og ný sýn á innviði og skipulag í eigin menningarumhverfi.

Sérstaða þessa verkefnisins er að ekki er krafist neinnar niðurstöðu eða afurðar heldur snýst það að öllu leyti um að listafólkið sem tekur þátt, deili verkfærum, skoði starf og reynslu frá nýju sjónarhorni og öðlist þannig nýjan skilning á eigin vinnu. Crowd verkefnið er fjármagnað af Göethe stofnuninni og norrænum sjóðum.



Þátttakendur CROWD 2023 í haustferð við Þingvallavatn

NB8

Nordic Baltic mentoring circle, NB8, er handleiðslu- og stuðningsverkefni fyrir framleiðendur í sviðslistum og dansi. Verkefnið miðar að því að styrkja starfsgrundvöll og stækka tengslanet þátttakenda. Á tímabilinu 2021 - 2024 var

verkefnið haldið tvisvar sinnum. Í hvort sinn voru 8 framleiðendur frá norður- og eystrasaltslöndunum paraðir við reynda stjórnendur í faginu.

Alls voru fjórir íslenskir þátttakendur í þessu verkefni, tveir framleiðendur og tveir sérfræðingar. Kara Hergils, sviðslistakona og framleiðandi, lauk sínu 12 mánaða tímabili undir handleiðslu sænska framleiðandans Annika Ostwald í ágúst. Á meðan Kara var að ljúka sínum tíma var Heba Eir Jónasdóttir Kjeld að hefja sína vegferð í aprílmánuði. Tora Zwartz frá Noregi var hennar mentor og fylgdust þær að fram til 2024. Ragnheiður Skúladóttir tók að sér hlutverk “mentors” fyrir sænska framleiðandann Júlíanna Viðarsdóttir og Ólöf Ingólfsdóttir leiddi eistneska framleiðandann og sýningarstjórnann Evelyn Raudsepp.

Verkefni eins og þetta styður við uppbyggingu mikilvægra innviða hér á landi og stuðlar að fagmennsku og úthaldi í starfi sviðslistaframleiðenda. Verkefnið er styrkt af Norrænu Menningargáttinni og menningarsjóðum í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku. Fjárframlag Dansverkstæðisins var að greiða ferða og upphaldskostnað þátttakenda búsetta hér á landi með Erasmus+ styrkjum.



Sviðslistaframleiðendur í NB8 verkefninu í ágúst 2023

Önnur alþjóðleg samstarfsverkefni

Dansverkstæðið kemur að ýmsum öðrum alþjóðlegum verkefnum sem eru misvirk á milli ára. Hér má helst nefna Studio Trade netið sem undirbýr formlegra samstarf en lítið vannst árið 2023.

Nýtt spennandi verkefni er *Reflect* sem er stutt af Erasmus + verkefnaáætluninni.

Það er leitt af hópnum Improv for Dance Enthusiasts, hópur listafólks sem heldur úti spunatímum fyrir nýja dansara. Hópurinn var stofnaður eftir námsferð til Belgíu í byrjun árs 2023 sem að Dansverkstæðið styrkti. Verkefnið hlaut styrk árið 2023 en var að mestu unnið 2024 og verður fjallað um það í ársskýrslu næsta árs.

Starfsmannamál og fjárhagur

Starfsmannamál

Tinna Grétarsdóttir sinnti áfram stöðu framkvæmdastjóra í hlutastarfi eins og hún hefur gert frá 2012. Starfshlutfall Tinnu er nú 80% en af fjárhagsástæðum er ekki unnt að hafa hana í fullu starfi þó starfsemin kalli á það.

Ráðningarstyrkir voru áfram nýttir til að bæta við starfsfólki og hefur það reynst ákaflega vel. Í lok árs 2022 kom danslistakonan Yelena Arakelow til starfa og vann fram á mitt ár 2023. Yelena leiddi verkefni sem sneru að því að skapa tækifæri fyrir unga listamenn og vann hún m.a. náð með FÍLD og leiddi auk þess hátíðina DansDaga af miklu öryggi og átti stóran þátt í hversu vel tókst til. Linde Rongen kom til starfa á haustdögum, hélt áfram utan um þau verkefni sem Yelena hafði séð um. Einnig sá Linde um samfélagsmiðla okkar, samræmdi útlit og jók sýnileika okkar þar til muna.


Sex einstaklingar hafa nú komið til starfa á Dansverkstæðinu með stuðningi Vinnumálastofnunnar á undanförunum þremur árum. Þó styrkurinn sé einungis til 6 mánaða fyrir hvern einstakling þá dugir það til að hver þeirra skilur eftir sig betri vinnuferla, nýjar hugmyndir og betra Dansverkstæði sem reynt er að viðhalda að fremsta megni. Ljóst er að starfsemin hér er orðin of umfangsmikil fyrir einn starfsmann í hlutastarfi og má draga þá ályktun að við séum að missa af tækifærum með því að geta ekki haft fleiri í vinnu.

Fjárhagur

Heildarvelta Dansverkstæðisins eykst ár frá ári sem kemur helst til af auknu alþjóðlegu samstarfi en einnig meira umfangi í námskeiðum og viðburðum. Enn standa tekjur þó ekki undir kostnaði við reksturinn. Uppsafnaðar skuldir eru til mikilla vandræða þar sem aukið fé fer í dráttarvexti sem kemur afar illa við viðkvæman rekstur. Launaþróun er í engu samræmi við almennt á vinnumarkaði og ef ekki væri hægt að nýta ráðningarstyrki væri vinnuálag óhóflegt. Hér að neðan er nánari útlistun á tekjum og gjöldum en einnig má sjá nánari sundurliðun í ársreikning 2023 [hér](#).

Tekjur


Heildartekjur Dansverkstæðisins á síðasta ári voru 43.366.022 kr sem var rúmlega 4 milljón króna hækkun. Eins og sjá má á kassariti hér að neðan er Reykjavíkurborg langstærsti stuðningsaðili Dansverkstæðisins en borgin lagði 17.6 milljónir í reksturinn árið 2023. Leigutekjur lækkuðu örlítið á milli ára eftir mörg ár með mikla hækkun og voru nú tæplega 12 milljónir króna á síðasta ári eða 27% heildartekna. Frá ráðuneyti menningarmála var úthlutað 4 milljónum króna í rekstrarstyrk. Eins og áður hefur komið fram hefur Dansverkstæðið nýtt sér ráðningarstyrki frá Vinnumálastofnun og nema þeir rúmlega 3 milljónir króna á ári. Þessi fjárhæð stendur undir um 80% af kostnaði við aðra starfsmenn en framkvæmdastjóra. Árið 2022 fékk Dansverkstæðið úthlutað rúmlega 8 milljónum króna frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins en þar sem verkefnið hófst á árinu 2023 er hluti styrksins talinn fram nú í ár. Aðrar tekjur eru árgjöld og tekjur af námskeiðum og morguntímum.



Reykjavíkurborg 40,6%, 17.600.000 kr, Leigutekjur 27,1%, 11.737.678 kr
Erasmus+ og alþj. samstarf 12,3% 5.345.757 kr, Menningar, viðskipta og ferðamálaráðuneytið 9,2% 4.000.000 kr, Ráðningarstyrkur VMST 7% 3.030.262 kr
Árgjöld og aðrar tekjur 3,8% 1.652.337 kr

Gjöld

Þrátt fyrir hækkun heildartekna dugir það ekki til að standa undir kostnaði því heildargjöld Dansverkstæðisins á síðasta ári voru 49.086.465 kr. Eins og sjá má á ritinu hér að neðan er húsnæðiskostnaður lang stærsti kostnaðarliður í rekstri Dansverkstæðisins eða 65%. Laun og launatengd gjöld eru 23% af heildarkostnaði en þessi hluti samanstendur af launum framkvæmdastjóra og þeirra verkefnastjóra sem að koma inn á ráðningarstyrk.



Húsnæðiskostnaður 62%, 30.282.390 kr, Launakostnaður 21% 10.166.812 kr
Erasmus+ og alþjóðlegt samstarf 12% 5.619.791 kr,
Námskeið og viðburðir 3% 1.419.800 kr. Skrifstofukostnaður 2% 1.066.235 kr

Yfirlitslisti

Æfingar á nýjum verkum og endurupptaka

Hringrás - Þyrí Huld Árnadóttir í samstarfi við Íslenska dansflokkinn
Fucking Genius - Reykjavík Ensemble
7 ljóð - Ólöf Ingólfssdóttir
Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar - Viktoría Blöndal, Ólafur Ásgeirsson og fleiri.
Stroke - Trigger Warning
Madame Butterfly - Íslenska Óperan
Satanvatnið - Selma Reynisdóttir
Leyndarmál og verkefnið Litla systir - Ásrún Magnúsdóttir
Alþjóðlegt rannsóknarverkefni - Vinnslan
Rof - Sveinbjörg Þórhallsdóttir
Svörtu Sandar - Glassriver productions
Samfélagsdanssýning - Physical félagið
Við erum jörðin, við erum vatnið - Lilja Björk Haraldsdóttir
Piparfólkið - Dío
Hátíðarsýning Hinsegin Daga - Rebecca Hidalgo
Vaðlaheiðargöng - Karl Ágúst Þorbergsson
Molta og Spills - Rósa Ómarsdóttir
Eden - Embla Guðrúnardóttir og Nína Hjálmarsdóttir
Dögnfluer - Júlía Kolbrún og samstarfsfólk
Hryggr - Bára Sigfúsdóttir og Eivind Lønning

Rannsóknir, þróun og styttri æfingar

Margrét Bjarnadóttir
Sigríður Soffía Níelsdóttir
Arnbjörg María Danielsen: Íslenskt/grænenskt tónlistarleikhús
Diljá Þórhallsdóttir
Saga Sigurðardóttir
Júlía Kolbrún Sigurðardóttir
Klavs Liepiens
Snædís Lilja Ingadóttir og Sigríður Ásta Olgeirsdóttir
Felix Urbina

Alexandra Elliot - CA

Katrín Mist

María Ellingsen

Drag Syndrome æfingar - List fyrir alla

Gestalistamenn

Riva Dance Company - FO

Bjartey Elín Hauksdóttir

Anna Róshildur

Kraftwerk - Anna Kolfinna Kuran, Elísabet Birta, Gígja Jónsdóttir, Elín Signý

Erna Ómarsdóttir

Kathryn Hitchcock

Guðný Hrund Sigurðardóttir

Júlía Hrafnisdóttir

Gabriel Marling Rideout

Salóme Sól

Unnur Elísabet Gunnarsdóttir

Amelia Eisen og Miriam Markl - USA/GE

Felix Urbina

Dætur - Anna Kolfinna og Elísabet Birta

Kaisa Kukkonen og co.

Venus - Anna Guðrún Tómasdóttir og Bjartey Elín Hauksdóttir

Elísabet Birta

Inga Huld Hákonardóttir - Neind Thing

Ellen Margrét og Helgi Grímur - nýtt barnaverk

Sumarvinnustofur í samstarfi við Reykjavíkurborg

Sóley Ólafsdóttir og Leevi Mattinen - Rabbit Erosion

Sóley Frostadóttir - Tif

LHÍ útskriftargjöf

Marikki Nyfors

Júlía Kolbrún Sigurðardóttir

Hátíðir og viðburðir á Dansverkstæðinu

DansDagar með Íslenska dansflokknum

Kennarar: Tom Weinberger, Improv for Dance Enthusiasts, Rósa Ómarsdóttir, Eyrún Ævarsdóttir og Jóakim Kvaran, Luis Lucas, Vár Bech Ártíng og Alexander Montgomery Anderson.

Verkefnastjórn: Yelena Arakelow. Aðstoð við verkefnastjóra: Lilja Björk

Haraldsdóttir, Felix Urbina, Halla Þórðardóttir, Þyrí Huld Árnadóttir og starfsfólk skrifstofu Íd og Dansverkstæðisins.

Sýningar í Listafólk á Opnu sviði: Felix Urbina, Una Björg Bjarnadóttir, Linde

Rongen, Júlía Kolbrún, Alice og Olivia, Erla Rut Mathiesen, Diljá Sveinsdóttir, María Soleil, Vena Naskrecca, Díana Rut og Agnar Jón Egilsson, Anais Barthe og XXX,

Reykjavík Dance Festival

Vinnustofuhátíð:

Venus (Bjartey Hauksdóttir, Anna Guðrún Tómasdóttir og Anna Róshildur)

Birta Ásmundsdóttir og Leevi Rauhalhti

Andrea Gunnlaugsdóttir og samstarfsfólk

Sýningar á nóvember hátíð:

Vinnustofusýningar og kynningar á hugmyndum

Choreographic Happy Hour 2. apríl

RIVA vinnustofusýning 12. apríl

Choreographic Happy Hour 23. apríl

Sumarvinnustofusýningar 20. júlí

Amelia og Miriam vinnustofusýning 8. ágúst

Choreographic Happy Hour 12. nóvember

Kaisa Kukkonen vinnustofusýning 24. nóvember

Choreographic Happy Hour 15. desember

Kennarar í morguntímum og námskeiðum

Una Björg Bjarnadóttir

Unnur Elísabet Gunnarsdóttir

Erla Rut Mathiesen

Valgerður Rúnarsdóttir

Tinna Grétarsdóttir
Sigríður Ásgeirsdóttir
Sigrún Ósk Stefánsdóttir
Ola Getka
Yelena Arakelow
Linde Hanna Rongen
Heba Eir Jónasdóttir Kjeld
Íris Ásmundardóttir
Jen Bleier
Rebecca Hidalgo
Amelia Eisen
Þyri Huld Árnadóttir
Kaisa Kukkonen
Felix Urbina
Miriam Markl

Ferðalög: alþjóðlegt samstarf og Erasmus+ styrktar ferðir

Tic Tac Arts Center - Brussel

Janúar - febrúar

Magdalena Tworek, Linde Hanna Rongen, Janosch Krantz og Yelena Arakelow - 4 vikna námskeið í spuna með David Zambrano

SPT - Varsjá, Pólland

Febrúar

Fundur með Erasmus+ sérfræðingum

Yelena Arakelow og Magdalena Tworek

Somatic and community practises - Szczecin Póllandi

Maí

Magdalena Tworek heimsótti samtök sem vinna með dans og “somatic practises” fyrir almenning

IETM - Árósar

Júní

Kara Hergils tók þátt í alþjóðlegum fundum IETM netsins

NBS - Snappertuna, Finnland

Mars - upphafsfundur í hring 2

Tinna Grétarsdóttir (partner), Ólöf Ingólfssdóttir (mentor) og Heba Eir Kjeld (mentee)

Ágúst - lokafundur í hring 1

Tinna Grétarsdóttir (partner), Ragnheiður Skúladóttir (mentor) og Kara Hergils Valdimarsdóttir (mentee)

B12 - Berlin

Júlí

Eydís Rose Vilmundardóttir, 2 vikna sumarnámskeið í samtímadansi

CROWD - Bora Bora leikhúsið í Árósum

Ágúst

Lovísa Ósk Gunnarsdóttir var valin til þátttöku í 2 vikna vinnustofu

Keðja - Stretch: Dance and Heritage, Vitlycke, Svíþjóð

September

Eydís Rose Vilmundardóttir tók þátt í vikulangri vinnustofu og Tinna Grétarsdóttir var á stjórnendafundum.

ASSITEJ small countries network - Liechtenstein

Október

Dorgerður Atladóttir og Linde Hanna Rongen sóttu vinnustofu um dans fyrir unga áhorfendur og Tinna Grétarsdóttir sótti fund um barnleikhús hjá smáþjóðum

Minako Seki - Berlin

Nóvember

Magdalena Tworek sótti sérþekkingu til Butoh kennarans Minako Seki

Low Air - Vilnius, Litháen

Yelena Arakelow kenndi á hátíð Low Air dansflokksins í desember